

Fundargerð

263. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 22. janúar 2019 kl. 12¹⁵ – 13⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Íris Gunnardóttir (ÍG), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) fjarverandi
Dagbjört V. Birgisdóttir (DVB) vm. (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Aðgerðaráæltun í plastmálefnum
- (3) Plast
- (4) Raftæki
- (5) Spilliefni
- (6) Úrvinnslusjóður
- (7) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (262. fundar).

Samþykkt

HÞH óskar eftir að dagskrárliður 6 verði tekið fyrir á undan dagskrárliðum 2-5. Samþykkt.

6. Úrvinnslusjóður

ÓK fór yfir stöðu ársreiknings Úrvinnslusjóðs og önnur mál sem tengjast fjármálum sjóðsins. Lagt var fram á fundinum drög að endurskoðunarbréfi fyrir 2017. Ríkiendurskoðun hefur óskað eftir athugasemdum og ábendingum áður en drögin verða send til sjóðsins til umsagnar. Umsagnir og athugasemdir sjóðsins verða hluti af bréfinu.

HÞH lýsir mikilli óánægju með drög að ársreikningi og telur að þar með sé framleiðendaábyrgð ekki í gildi lengur.

GGÞ sagði frá samtali við Gunnar Hall hjá Reikningssskilaráði. Hann óskaði eftir erindi frá GGÞ.

Ólafur Kjartansson
Hlíðar Þór Hreinsson

Hann fór yfir samkomulag við fjármálaráðuneyti um stofnun Úrvinnslusjóðs og að atvinnulífið hefði meirihluta í stjórn til að uppfylla skilyrði um frameiðendaábyrgð. Þá nefndi GGP að sjóðurinn væri ekki eign heldur ógreiddar skuldbindingar.

Niðurstaða stjórnar um endurskoðunarbréfið: Stjórn bíður fundar með reikningsskilanefnd og lögfræðialitsins.

2. Aðgerðaráætlun í plastmálefnum

Á síðasta fundi var farið yfir tillögur starfshóps um aðgerðaáætlun í plastmálefnum og umsagnir SA og SÍS um þær. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c0687ce4-dde1-11e8-942e-005056bc4d74>

GGP, ÓK og GS var falið á síðasta fundi stjórnar að setja saman drög að viðbrögðum (umsögn) sem lögð voru fram á fundinum. GJ hefur skilað inn athugasemdum við drögin.

ÓK ætlar að breyta drögunum og senda aftur til stjórnarmanna og vonandi verður þá hægt að afgreiða drögin og senda.

4. Plast

ÓK fór yfir stöðu mála við söfnun, flokkun og endurvinnslu blandaðra plastumbúða frá heimilum og hugmyndir á breytingum á skilmálum og endurgjaldi við meðhöndlun plastumbúða.

Frestað.

5. Raftæki

Lagt var fram á fundinum minnisblað vegna fyrirhugaðra breytinga á endurgjaldi fyrir ráðstöfun lítilla raftækja sem gerir ráð fyrir að þau verði send til ráðstöfunar hjá sérhæfðum aðila við endurvinnslu raftækja. Áður var fjallað um málið á stjórnarfundi á síðasta ári.

ÍG gerði grein fyrir tillögum að breyttu endurgjaldi til þjónustuaðila vegna lítilla raftækja
ÍG kynnti tillögu að hækkuðu endurgjaldi ásamt ÓK.

6. Spilliefni

Á 260. stjórnarfundi var kynnt fyrirhuguð hækkun á gjaldskrá Kólku vegna förgunar spilliefna.

Lögð var fram á fundinum tillaga að breyttu endurgjaldi vegna spilliefna sem tekur mið af gjaldskrá Kólku og breytingum á launa- og byggingarvísitölu.

Stjórn samþykkir nýtt endurgjald vegna meðhöndlunar spilliefna og gildir frá 1.janúar 2019

7. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 5. febrúar 2019.

Fundi slitið kl. 13.40

